

GJALDSKRÁ

fyrir akstursþjónustu aldraðra og fatlaðs fólks í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til X. kafla og 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Notendur greiða fyrir akstursþjónustu sem veitt er á vegum stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nánar er fjallað um akstursþjónustu í reglum sem sveitarfélagið hefur sett sér um akstursþjónustu aldraðra, nr. 60/2025, og akstursþjónustu fatlaðra, nr. 59/2025.

2. gr.

Svæðisskipting þjónustusvæðis.

Við ákvörðun fjárhæðar gjalds fyrir akstursþjónustu er horft til gjaldskrár Strætó bs innan sveitarfélagsins. Sveitarfélaginu er skipt upp í 8 gjaldsvæði með eftirfarandi hætti:

Svæðisskipting:

1	0-2 km	Höfn, innanbæjar
2	2-20 km	Hafnarnes – Hoffell
3	21-40 km	Viðborðssel – Flatey
4	41-60 km	Skálafell – Kálfafell
5	61-80 km	Hali – Jökulsárlón
6	81-100 km	Ekkert lögbýli
7	101-120 km	Hnappavellir – Hof
8	121-140 km	Sandfell – Skaftafell

3. gr.

Fjárhæð gjalds.

Fjárhæð fargjalds fer annars vegar eftir akstri innan gjaldsvæðis í samræmi við 2. gr. í gjaldskrá þessari, og hins vegar eftir flokkun akstursþjónustu. Ástæður akstursþjónustu er skipt upp í 3 flokka sem eru eftirfarandi

1. Akstursþjónusta í dagdvöl aldraðra í Ekru eða dagþjónustu fatlaðs fólks í Miðgarði:

a. Akstur í dagvist aldraða og dagþjónustu fatlaðs fólks er gjaldfrjál.

2. Akstursþjónusta í nauðsynlega þjónustu. Nauðsynleg þjónusta er t.d. á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Höfn, til sjúkraþjálfara, tannlæknis, í banka, í matvöruverslun eða í hárgreiðslu:

a. Akstur í nauðsynlega þjónustu miðast við hálfð verð gjaldskrár Strætó bs. á svæðinu.

3. Önnur akstursþjónusta:

a. Akstur vegna erinda sem ekki flokkast til nauðsynlegrar þjónustu nýtur ekki forgangs við veitingu þjónustu. Fyrir hann er rukkað fullt gjald skv. gjaldskrá Strætó bs. á svæðinu.

Í gjaldskrá er ferð skilgreind sem ferð frá dvalarstað til áfangastaðar (A-B). Gjaldskrá akstursþjónustu er eftirfarandi:

Svæði	Skilgreining	Miðgarður / Ekran	Önnur nauðsynleg þjónusta	Annar akstur
1	Höfn, innanbæjar	0 kr.	200 kr.	400 kr.
2	2-20 km	0 kr.	400 kr.	800 kr.
3	21-40 km	0 kr.	600 kr.	1.200 kr.
4	41-60 km	0 kr.	800 kr.	1.600 kr.
5	61-80 km	0 kr.	1.000 kr.	2.000 kr.
6	81-100 km	0 kr.	1.200 kr.	2.400 kr.
7	101-120 km	0 kr.	1.400 kr.	2.800 kr.
8	121-140 km	0 kr.	1.600 kr.	3.200 kr.

4. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn.

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann. Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar „þjónustunnar heim“ er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

5. gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu.

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri.

6. gr.

Innheimta gjalds.

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðamót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði Sveitarfélagsins Hornafjarðar 6. janúar 2026.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 8. janúar 2026.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 14. janúar 2026.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 22. janúar 2026